

08 Heilbrigðisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	69.861,1	68.604,9	67.890,3	-1	-3
Neyslu- og rekstrartilfærslur	23.345,2	26.677,7	24.435,9	-8	5
Stofnkostnaður og viðhald	2.061,1	1.614,6	1.012,0	-37	-51
Samtals	95.267,4	96.897,2	93.338,2	-4	-2
Greitt úr ríkissjóði	-	96.455,1	92.881,1	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	442,1	457,1	3	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	96.897,2	93.338,2	-4	-

Heildargjöld heilbrigðisráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 96.648 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.310 m.kr., en þær nema 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 93.338 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 92.881 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 457 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Vakin er athygli á að í inngangi þessa kafla um gjöld A-hluta, þ.e. kafla 3.2., er umfjöllun um fyrirhugaðan samdrátt í ríkisútgjöldum á næsta ári þar sem farið er heildstætt yfir þau áform fyrir öll ráðuneytin og málaflokka þeirra.

Einnig er vakin athygli á því að reynt hefur verið að aðlaga framsetningu á útgjöldum ráðuneyta í frumvarpinu vegna flutnings á verkefnum á milli þeirra á næsta ári. Þannig hafa útgjaldatölur reiknings liðins árs og gildandi fjárlaga verið lækkaðar sem nemur veltu verkefna sem flytjast frá heilbrigðisráðuneyti, en hækkaðar á sama hátt hjá ráðuneytum sem taka við verkefnum. Útgjöld heilbrigðisráðuneytis lækka um 19.375 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru til félags- og tryggingamálaráðuneytis, en 18.943,5 m.kr. eru vegna reksturs öldrunarheimila og 431,5 m.kr. vegna sjúkratrygginga.

Í frumvarpinu dragast útgjöld heilbrigðisráðuneytisins saman um 6.702 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009. Útgjaldabreytingunum milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 7.745 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á tímabilinu 2009–2013. Áhrif af aðgerðum sem gripið var til á seinni hluta þessa árs eru meðtalin í þeirri lækkun á ársgrundvelli en þau eru áætluð um 880 m.kr. Í öðru lagi er um að ræða útgjaldaskuldbindingar sem falla til á árinu 2010 og nema 1.356 m.kr. Í þriðja lagi falla niður tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem nema 313 m.kr. Að viðbættum verðlagshækkunum ársins 2010, sem eru áætlaðar 3.470 m.kr. lækkar útgjaldarammi heilbrigðisráðuneytisins um 3.231 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 67.890 m.kr. á árinu 2010. Rekstrarfjárveitingar stofnana, framlög á grundvelli þjónustusamninga og styrkir til ýmissa


rekstrarverkefna lækka alls um 3.757 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ríkisstjórnin setti markmið um 10% samdrátt í rekstrarveltu stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7% hjá menntastofnunum og 5% hjá velferðarstofnunum. Vissir liðir sem eru ekki eiginlegur rekstur eru þó frátaldir. Lækkunin hjá heilbrigðisráðuneytinu nemur 6,9% að raungildi. Þótt markmiðin hafi verið sett miðað við veltu eru þau útfærð eftir forgangsöröð og áherslum ráðuneytisins sem getur falið í sér mismikla skerðingu á fjárveitingum eins og fram kemur í umfjöllun um einstakar stofnanir og verkefni. Gert er ráð fyrir auknum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema samtals 994 m.kr. Þar munar mest um 751 m.kr. framlag til að mæta hækkun tryggingagjalds úr 5,33% í 7%, 160 m.kr. framlag vegna hækkunar á álagningarprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32% og 84 m.kr. framlag til að mæta hluta kostnaðar við síðasta áfanga flutnings á umsjón með fasteignum ráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Á móti eru felldar niður 60 m.kr., þ.a. eru fasteignagjöld að fjárhæð 32 m.kr. vegna flutnings á fasteignum ráðuneytisins til Fasteigna ríkisins og 28 m.kr. sem veitt var til tímabundinna verkefna. Verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar er um 1.774 m.kr., en fjárheimildir frumvarpsins miðast við að engar hækkunir verði á launum starfsmanna umfram þá hækkun sem verður hjá þeim lægst launuðu 1. júlí 2010 samkvæmt kjarasamningum sem gerðir voru fyrir á árinu 2009.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 2.242 m.kr. og verða 24.436 m.kr. en eru 26.677,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2009, en upphæðir eru án S-merktra lyfja sem tilheyra rekstri. Sett var markmið af hálfu ríkisstjórnar um 10% lækkun almennra tilfærsluliða við undirbúning frumvarpsins og er gert ráð fyrir að þau útgjöld ráðuneytisins lækki um 2.708 m.kr. vegna þess. Jafnframt er gerð krafa um að áhrif hagræðingaraðgerða sem gripið var til á seinni hluta þessa árs skili 880 m.kr. í lækkuðum útgjöldum sjúkratrygginga á árinu 2010 og fjárheimildir því lækkaðar til viðbótar sem þeirri fjárhæð nemur. Tilfærsluliðir lækka um 193 m.kr. vegna flutnings verkefna innan ráðuneytisins og þá lækka fjárheimildir sjúkratrygginga um 423 m.kr. vegna flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 266 m.kr. aukningu í útgjaldaskuldbindingum og verðlagshækkun fjárveitinga sem telst til tilfærslna nemur 1.697 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.012 m.kr. og er það 603 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2009. Framlag lækkar um 400 m.kr. til að mæta áformum um samdrátt í ríkisútgjöldum, en því var ætlað að mæta kostnaði við undirbúning að byggingu nýs Landspítala. Þá eru felldar niður fjárheimildir til tímabundinna stofnkostnaðarverkefna og er þar helst að nefna 155 m.kr. framlag sem veitt var til að ljúka framkvæmdum við 1. hæð viðbyggingar og starfsaðstöðu fyrir sjúkráþjálfun á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, 58 m.kr. framlag til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem ætlað var til viðhaldsverkefna sem nú er lokið og 47 m.kr. sem varið var til framkvæmda á Siglufirði. Þá hækkar tækjakaupaliður Landspítala tímabundið um 60 m.kr. til að mæta kostnaði við kaup á nýju segulómtæki sem keypt var 2009.

Vikið er nánar að áformum um sparnað og forgangsöröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingar í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2010 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 6.300 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2009, eru á áætluðu verðlagi ársins 2010 og miðast við hámarksskuldbindingu, en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í tilteknum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir um 9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2010. Vegna flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins eru samningar við öldrunarstofnanir ekki hafðir með í töflunni. Öldrunarstofnanir sem heilbrigðisráðuneytið er með gildandi samninga við eru Akureyrarbær og Sveitarfélagið Hornafjörður um rekstur hjúkrunarþjónustu, Hrafnista um rekstur Vífilsstaða í Garðabæ og Víðiness og hvíldarrýma með endurhæfingu í Reykjavík og Öldungur um rekstur hjúkrunarþjónustu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2009	2010	2011	2012	2013
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	175,5	171,6	171,6	171,6	171,6
Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	A	47,0	55,5	55,5	55,5	55,5
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	656,6	646,1	646,1	646,1	646,1
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	318,5	300,9	300,9	300,9	300,9
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	67,6	65,1	65,1	65,1	65,1
Sjúkrahótel	A	87,7	91,8	91,8	91,8	91,8
Reykjalundur	A	1.352,9	1.300,5	1.300,5	1.300,5	1.300,5
Hlein	A	108,4	107,4	107,4	107,4	107,4
Heilsustofnun NLFÍ Hverag., endurhæfing	A	555,1	547,8	547,8	547,8	547,8
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsv.	A	907,1	908,2	908,2	908,2	908,2
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	284,8	250,7	250,7	250,7	250,7
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	70,0	65,3	65,3	65,3	65,3
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	70,0	65,3	65,3	65,3	65,3

Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	390,7	364,5	364,5	364,5	364,5
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	136,6	134,1	134,1	134,1	134,1
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	97,5	90,1	90,1	90,1	90,1
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	33,9	31,6	31,6	31,6	31,6
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	478,8	469,5	469,5	469,5	469,5
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	271,4	274,2	274,2	274,2	274,2
Heilbrigðisst. Suð-Austurl., rekstur heilbrþj.	A	190,7	181,9	181,9	181,9	181,9
Samtals		6.300,8	6.122,1	6.122,1	6.122,1	6.122,1

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem heilbrigðisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 6.300 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 6.120 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga, við Akureyrarbæ um heilsugæslu og sjúkraflutninga, Sveitarfélagið Hornafjörð um heilbrigðisþjónustu, Krabbameinsfélagið um rekstur leitarstöðvar og samning um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyrja undir heilbrigðisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	529,6	546,8	592,7	8,4	11,9
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	-	-
Samtals	529,6	554,8	600,7	8,3	13,4

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 30,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu.

101 Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 592,7 m.kr. og að þau aukist um 30,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir og hækkun tryggingagjalds. Í fyrsta lagi eru 35,3 m.kr. færðar af lið 399 *Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* til að efla hlutverk ráðuneytisins í eftirliti með styrkveitingum og skuldbindandi samningum á vegum ráðuneytisins. Í annan stað eru 13,4 m.kr. færðar af lið 399 *Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* til að fjármagna laun sérfræðinga sem starfa hjá ráðuneytinu við uppbyggingu á sjúkraskrárkerfi og heilbrigðisupplýsingum. Í þriðja lagi eru 11 m.kr. færðar af lið 379 *Sjúkrahús, óskipt* til að fjármagna laun starfsmanns sem hefur unnið fyrir ráðuneytið en launin bókuð á óskiptan lið. Í fjórða lagi eru 7,8 m.kr. færðar af lið 500

Heilsugæslustöðvar, almennt til að fjármagna laun við stefnumótun og verkefni á sviði geðheilbrigðismála. Liðurinn lækkar samtals um 37,3 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Þá hækkar liðurinn um 15,7 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga og hækkun tryggingagjalds.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Sjúkratryggingastofnun; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar og 209 Sjúklingatrygging.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkratryggingar Íslands	403,3	510,3	469,5	-8,0	16,4
Sjúkratryggingar	22.157,7	28.286,2	26.561,0	-6,1	19,9
Slysatryggingar	641,8	577,9	636,0	10,1	-0,9
Sjúklingatrygging	103,0	120,1	120,1	0,0	16,6
Samtals	23.305,8	29.494,5	27.786,6	-5,8	19,2

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til tryggingamála sem nemur 3.957,6 m.kr. frá fjárlögum 2009 þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til málaflokksins sem nemur 3.608 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Markmið ríkisstjórnarinnar er að fjárheimildir til tryggingamála lækki um 10% vegna aðhaldsaðgerða á árinu 2010 og lækka útgjöld um 2.728 m.kr. vegna þess. Jafnframt er gerð krafa um að áhrif aðhaldsaðgerða sem gripið var til á seinni hluta þessa árs skili 880 m.kr. í lækkuðum útgjöldum sjúkratrygginga á árinu 2010 og fjárheimildir því lækkaðar til viðbótar sem þeirri fjárhæð nemur. Samdrátturinn felast einkum í lækkun framlags til lyfja, læknskostnaðar og þjálfunar samtals 3.557 m.kr. Fjárheimildir lækka um 168,9 m.kr. vegna flutnings verkefna innan ráðuneytisins og um 423 m.kr. vegna flutnings verkefna frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 242,3 m.kr. aukningu í útgjaldaskuldbindingum. Hækkun fjárveitinga vegna launa- og verðlagsbreytinga og hækkun tryggingagjalds nemur 2.249,7 m.kr.

202 Sjúkratryggingar Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Sjúkratrygginga Íslands verði 469,5 m.kr. á næsta ári. Útgjöldin lækka um 51 m.kr. frá fjárlögum 2009 á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar á fjárheimildum stofnunarinnar skýrast af áhrifum kjarasamninga þessa árs, verðlagshækkunum og hækkun tryggingagjalds sem samtals nema 10,2 m.kr.

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 26.561 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 3.916,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2009 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er áformað að lækka framlag til læknskostnaðar með aðhaldsaðgerðum um samtals 1.307 m.kr. á árinu 2010. Þegar hefur verið gripið til aðgerða á þessu ári sem skila eiga 100 m.kr. í lækkun kostnaðar á seinni hluta þessa árs og 200 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar er markmiðið að ná niður læknskostnaði um 1.107 m.kr. með aðgerðum sem gripið verður til á næsta ári. Þá lækkar framlagið um 166 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009, en sparnaðinum sem þeirri breytingu

er ætlað að ná fram er dreift á einstaka fjárlagaliði á árinu 2010. Á móti hækkar framlag um 55 m.kr. eða um 1% til að mæta fjölgun bótaþega og 146 m.kr. vegna efniskaupa. Í öðru lagi er lagt til að lækka útgjöld til lyfjakaupa um samtals 1.730 m.kr. Þegar hefur verið gripið til aðgerða sem skila eiga 230 m.kr. í lækkun lyfjaútgjalda á seinni hluta þessa árs og 460 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar þarf að ná niður lyfjakostnaði um 1.270 m.kr. með aðgerðum á árinu 2010, en haldið verður áfram á sömu braut og mörkuð var á árinu með því að fjölga þeim lyfaflokkum þar sem greiðsluþátttaka ríkisins er takmörkuð við ódýrasta lyf með sambærilega verkun og má nefna að 1. október 2009 mun taka gildi reglugerð þar sem greiðsluþátttöku í blóðþrýstingslyfjum verður breytt þannig að hún miðist við ódýrasta lyf með sambærilega verkun.. Í þessu samhengi má einnig geta að í samræmi við áform um lækkun lyfjakostnaðar í fjárlögum 2009 má ætla að þær breytingar sem heilbrigðisráðherra ákvað með setningu reglugerðar 1. mars sl. skili um 1.100 m.kr. í lægri lyfjaútgjöldum á árinu ef horft er framhjá gengisþróun íslensku krónunnar. Þá hefur náðst umtalsverður sparnaður með því bæta Finnlandi í hóp viðmiðunarlanda við ákvörðun almenns lyfjaverðs. Þá er einnig áformað að endurskoða svokölluð „þök og gólf“ í greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í lyfjakostnaði. Í þriðja lagi er framlag til S-merktra lyfja hækkað um 32 m.kr., en það jafngildir 1% magnaukningu frá gildandi fjárlögum. Í fjórða lagi lækkar framlag til hjálpartækja um samtals 163 m.kr. vegna flutnings á verkefnum til félags- og tryggingamálaráðuneytis, þ.a. eru 120,0 m.kr. vegna styrkja til bifreiðakaupa hreyfihamlaðra og 43,0 m.kr. vegna flutnings atvinnutengdrar endurhæfingar. Aðrar breytingar á liðnum skýrast af flutningi framlags á milli liða innan ramma ráðuneytis. Í fimmta lagi lækkar framlag til þjálfunar um samtals 520 m.kr. á árinu 2010. Þegar hefur verið gripið til aðgerða á þessu ári sem skila eiga 110 m.kr. í lækkun kostnaðar á seinni hluta þessa árs og 330 m.kr. á næsta ári. Til viðbótar er markmiðið að ná niður kostnaði við sjúkraþjálfun um 190 m.kr. með aðgerðum á árinu 2010. Með reglugerð sem tekur gildi 1. október 2009 er greiðsluþátttaka almennra notenda í kostnaði við sjúkraþjálfun hækkuð. Því til viðbótar hafa kröfur um greiðsluþátttöku ríkisins vegna framhaldsmeðferðar hjá sjúkraþjálfara verið hertar. Þá eru fluttar 260 m.kr. vegna starfsendurhæfingar til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á framlagi sjúkratrygginga að því undanskildu að lagt er til að flytja 6 m.kr. frá Landspítala á lið tannlækninga til að hækka greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði við tannréttingar barna með skarð í góm og vör, en spítalinn hefur ekki sinnt þessu verkefni eins og til var ætlast.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	5.183,2	5.485,0	4.290,0	-21,8	-17,2
Lyf	9.287,3	10.259,4	9.548,0	-6,9	2,8
Lyf með S-merkingu	0,0	3.156,6	3.752,0	18,9	-
Hjálpartæki	2.324,5	3.149,1	3.279,0	4,1	41,1
Hjúkrun í heimahúsum	129,3	133,0	136,0	2,3	5,2
Þjálfun	1.871,7	2.340,1	1.591,0	-32,0	-15,0
Tannlækningar	1.380,9	1.666,4	1.672,0	0,3	21,1
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	334,9	335,2	352,0	5,0	5,1
Brýn meðferð erlendis	1.176,9	1.145,4	1.289,0	12,5	9,5
Sjúkrakostn. vegna veikinda og slysa erlendis	120,8	210,0	243,0	15,7	101,2
Sjúkradagpeningar	202,7	243,0	243,0	0,0	19,9

Annað	145,5	163,0	166,0	1,8	14,1
Samtals	22.157,7	28.286,2	26.561,0	-6,1	19,9

208 Slysaftryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld til slysaftrygginga verði 636,0 m.kr. á árinu 2010. Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar og bætur til framfærslu hækka í samræmi við ákvörðun um hækkun bóta almannaftrygginga í lögum nr.173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum um alls 48,2 m.kr. Framlag vegna kaups og aflahlutar sjómanna hækkar 10 m.kr. á grundvelli 36 gr. laga um almannaftryggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	170,5	137,9	151,0	9,5	-11,4
Bætur til framfærslu	347,7	324,0	359,0	10,8	3,2
Kaup og aflahlutur sjómanna	42,2	50,0	60,0	20,0	42,2
Stjórnunarkostnaður	81,4	66,0	66,0	0,0	-18,9
Samtals	641,8	577,9	636,0	10,1	-0,9

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bygging hátækisjúkrahúss á lóð Landspítalans	246,9	400,0	0,0	-100,0	-100,0
Landspítali	37.921,0	33.079,9	32.661,0	-1,3	-13,9
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	126,1	120,9	127,7	5,6	1,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	661,0	656,6	646,1	-1,6	-2,3
Sjúkrahótel	81,9	87,7	91,8	4,7	12,1
Sjúkrahús, óskipt	28,0	644,3	136,5	-78,8	387,5
Sjúkrahúsið á Akureyri	4.326,8	4.128,8	4.086,0	-1,0	-5,6
Samtals	43.391,7	39.118,2	37.749,1	-3,5	-13,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 37.749,1 m.kr. og lækkar um 2.485,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til málaflokksins sem nemur 2.653,7 m.kr. á

m.kr., þá er fellt niður 400 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem nýta átti til að undirbúa byggingu nýs Landspítala og rekstrarframlag til Sjúkrahússins á Akureyri er lækkað 206,3 m.kr. Helstu aðgerðir til að ná fram lækkun útgjalda byggjast á skýrari verkaskiptingu heilbrigðisstofnana. Einnig verður haldið áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi, vaktkerfum og aukagreiðslum, með það að markmiði að lækka útgjöld. Þá skal einnig ná fram lækkun í lyfjaútgjöldum stofnana með innleiðingu lyfjalista og markvissari notkun lyfja. Þá mun ráðuneytið beita sér fyrir samstarfi heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ná fram hagræðingu í sameiginlegum innkaupum, m.a. á lyfjum og öðrum rekstrarvörum. Að lokum er reiknað með að þau skref sem stigin hafa verið í átt að sameiningu rannsókn-, myndgreininga- og lyfjagagnagrunna skili ákveðinni hagræðingu.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstargjöld sjúkrahússins 4.086 m.kr. og dragast saman um 149,7 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum og nemur lækkunin 206,3 m.kr. Á móti hækkar framlag til sjúkrahússins. Í fyrsta lagi eru 62,7 m.kr. fluttar aftur til sjúkrahússins af lið 379 *Sjúkrahús, óskipt.*, en við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var fjárheimildin flutt þangað til endurráðstöfunar. Þá er 8,3 m.kr. framlag til að mæta hækkun álagningaprósentu fasteignagjalda úr 0,88% í 1,32%. Auk þess er endurráðstafað til sjúkrahússins 20 m.kr. tímabundnu framlagi til að mæta kostnaði við rekstrarleigu segulómtækis sem ella hefði verið fellt niður. Aðrar breytingar á fjárheimildum er nettó aukning um 92,5 m.kr. sem skýrist einkum af verðlagsleiðréttingum, hækkun tryggingagjalds og lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009, en sparnaðinum sem þeirri breytingu er ætlað að ná fram er dreift á einstaka stofnanir á árinu 2010.

373 Landspítali. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 32.661 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1.153,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 1.965,5 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi eru 544,3 m.kr. fluttar aftur til spítalans af lið 379 *Sjúkrahús, óskipt.*, en við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var fjárheimildin flutt þangað til endurráðstöfunar. Í þriðja lagi hækkar framlag um 128,9 m.kr. til að mæta hækkun álagningahlutfalls fasteignagjalda. Í fjórða lagi eru fluttar 229,7 m.kr. af lið 386 *Vistun ósakhæfra afbrotamanna*, en ráðuneytið fól spítalanum að taka formlega við rekstri réttargeðdeildarinnar að Sogni frá 1. apríl 2009. Í fimmta lagi er tímabundin hækkun framlags um 60 m.kr. til að mæta kostnaði við kaup á nýju tölvusneiðmyndataeki sem keypt var árinu 2009. Þá er lagt til að flytja 24,9 m.kr. framlag frá Landspítala yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis með vísan til samkomulags frá í febrúar 2007 um flutning verkefna á sviði þjónustu við geðfatlað fólk. Aðrar breytingar á fjárheimildum er nettó hækkun um 777,5 m.kr. sem skýrist einkum af verðlagsbreytingum, hækkun tryggingagjalds og lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld verði 136,5 m.kr. á árinu 2010 og lækka um 507,8 m.kr. frá fjárlögum 2009. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af flutningi 775,8 m.kr. á liðina 353 *Sjúkrahúsið á Akureyri*, 373 *Landspítali*, 506 *Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu* og 700 *Heilbrigðisstofnanir*. Við gerð gildandi fjárlaga voru fjárheimildir heilbrigðisstofnana lækkaðar um 1,5% og fjárhæðin lögð í sjóð til endurráðstöfunar, en fyrir dyrum stóð endurskipulagning á verkefnum heilbrigðisstofnana og heilbrigðisumdæma sem ekki varð að. Í annan stað eru 10 m.kr. færðar á liðinn 340 *Málefni*

fatlaðra vegna sammings við Endurhæfingu í Kópavogi um sérhæfða sjúkráþjálfun og ráðgjöf fyrir fjölfatlaða einstaklinga og 15 m.kr. á liðinn 491 *Reykjalundur, Mosfellsbæ* til að byggja upp endurhæfingu við heilaskaðaða. Í þriðja lagi er liðurinn lækkaður um 32 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í fjórða lagi eru fluttar 11 m.kr. á liðinn 101 *Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa* til að mæta kostnaði við launagreiðslur sem til þessa hafa verið fjármagnaðar af liðnum. Á móti hækkar framlag um samtals 335,6 m.kr. með flutningi fjárheimilda frá heilbrigðisstofnunum. Á fjárlögum 2009 fólu sparnaðaráform ráðuneytisins m.a. í sér að hækka hlut sjúklings í kostnaði við heilbrigðisþjónustu um 360 m.kr. Liðurinn var lækkaður sem þeirri fjárhæð nam við afgreiðslu fjárlaganna. Um leið og útfærsla lægi fyrir skyldi lækkunin færð á stofnanir í samræmi við áætlaða hækkun tekna sem af breytingunum hlytist. Það var gert með millifærslu á fjárheimildum innan ársins og nú endanlega í fjárlögum 2010. Liðurinn sjálfur var lækkaður um 24.4 m.kr. vegna þessa.

383 Sjúkrahótel. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins verði 91,8 m.kr. á árinu 2010 og lækkar að raungildi um 5,9 m.kr. frá fjárlögum 2009. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsuppfærslu.

388 Samtök áhugamanna um áfengismálið. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins verði 646,1 m.kr. á árinu 2010 og lækka að raungildi um 44 m.kr. frá fjárlögum 2009. Lækkunin skýrist af áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar sem eru til hækkunar á framlagi skýrast af hækkun tryggingagjalds og álagningahlutfalli fasteignagjalda og af launa- og verðlagsuppfærslum.

Endurhæfingarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 478 Vistheimilið Bjarg; 479 Hlaðgerðarkot; 491 Reykjalundur, Mosfellsbæ; 492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands; 493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun og 494 Hlein. Allir fjárlagaliðir sem tilheyrt hafa öldrunarheimilum eru færðir frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis, en þeir byrjuðu á 401 *Öldrunarstofnanir, almennt* og enduðu á 477 *Dagvistun aldtraða, aðrar*. Allar fjárheimildir sem tilheyrðu áður nefndum liðum voru færðar til félags- og tryggingamálaráðuneytis, að því undanskildu að 48,5 m.kr. fjárheimild var færð á 301 *Landlæknir* vegna útgjalda vistunarmatsnefnda og 46,7 m.kr. voru færðar á 399-1.46 *Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma*. Útgjöld heilbrigðisráðuneytis lækka um 18.943,5 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem flutt eru til félags- og tryggingamálaráðuneytis og varða öldrunarþjónustu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	51,6	55,1	58,2	5,6	12,8
Hlaðgerðarkot	79,7	85,8	88,8	3,5	11,4
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.349,1	1.352,9	1.300,5	-3,9	-3,6
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	525,5	555,1	547,8	-1,3	4,2
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	434,9	457,4	481,2	5,2	10,6
Hlein	105,5	108,4	107,4	-0,9	1,8

Samtals	2.546,3	2.614,7	2.583,9	-1,2	1,5
----------------	----------------	----------------	----------------	-------------	------------

Í frumvarpinu lækka útgjöld til endurhæfingarstofnana samtals um 108,5 m.kr. að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds. Breytingin skýrist af lækkun framlags um 136,1 m.kr. til að koma til móts við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum, en upphæðin jafngildir 6,7% lækkun framlags til Reykjalundar, Mosfellsbæ, Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands og Hleinar. Á móti hækkar framlag vegna flutnings 15 m.kr. af liðnum 379 *Sjúkrahús, óskipt* til að byggja upp endurhæfingu fyrir heilaskaðaða á Reykjalundi. Aðrar breytingar skýrast af hækkun álagningaprósentu fasteignagjalda um 12,6 m.kr.

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 506-588 eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Fallið var frá sameiningu Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði, Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsfirði og Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík í eina stofnun, Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð. Um áramót sameinast hins vegar Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði, en Heilsugæslustöðin Dalvík verður rekin áfram með óbreyttu sniði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	5.133,0	3.729,5	4.057,1	8,8	-21,0
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	161,8	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Búðardal	89,7	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Dalvík	93,9	0,0	102,9	-	9,6
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	61,5	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	240,4	271,4	274,2	1,0	14,1
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	147,5	155,3	159,1	2,4	7,9
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	62,7	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	96,6	0,0	0,0	-	-
Heilsugæslustöðvar, almennt	127,6	729,4	291,2	-60,1	128,2
Læknavaktin	254,0	284,8	250,7	-12,0	-1,3
Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	0,0	907,1	908,2	0,1	-
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	470,4	478,8	469,5	-1,9	-0,2
Sjúkraflutningar	772,0	802,3	771,0	-3,9	-0,1
Samtals	7.711,1	7.358,6	7.283,9	-1,0	-5,5

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 272,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds af launaveltu. Helstu breytingar á málefnaflokkum eru þær að 189 m.kr. eru færðar af safnlið heilsugæslustöðva til heilbrigðisstofnana til að efla heimahjúkrun á heilsugæslusviðum þeirra. Í samræmi við

málaflokksins sem nemur 244,4 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga, en haldið verður áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi og verkferlum til að ná niður útgjöldum.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld dragist saman um 443,4 m.kr. á næsta ári að frátöldum verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds. Af liðnum eru færðar samtals 453,4 m.kr. til annarra fjárlagaliða innan þessa málaflokks og til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana, m.a. til að efla heimahjúkrun, til greiðslu húsaleigusamninga og til að efla geðheilbrigðisþjónustu. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Á fjárlagaliðinn eru færðar 10 m.kr. af 506 Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, en ráðuneytið mun standa straum af kostnaði við geðheilbrigðisþjónustu við hóp heyrnarlausra nemenda sem urðu fyrir ofbeldi í heimavist Heyrnleysingjaskóla Íslands á sínum tíma og fjölskyldur þeirra. Fjárveitingin er tímabundin til ársins 2011 og var veitt til verkefnisins á fjárlögum þessa árs.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 771 m.kr. á næsta ári sem jafngildir um 53,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af lækkun fjárframlaga til þjónustusamninga um sjúkraflutninga vegna áforma ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 4.057,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 207,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að 115 m.kr. verði fluttar af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að efla heimahjúkrun í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Í öðru lagi eru 68,8 m.kr. fluttar aftur til heilsugæslunnar af lið 379 Sjúkrahús, óskipt, en við gerð fjárlaga fyrir árið 2009 var fjárheimildin flutt þangað til endurráðstöfunar. Í þriðja lagi eru 50 m.kr. færðar af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að mæta kostnaði við námsstöður sérfræðinga í heimilislækningum. Í fjórða lagi eru 33,4 m.kr. færðar af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að mæta kostnaði við húsaleigu í nýju húsnæði Heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ. Í fimmta lagi hækkar liðurinn um 35,1 m.kr. til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Að síðustu eru 2,1 m.kr. færðar af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að ráða í hlutastöðu sálfræðings við Heilsugæslustöðina Árbæ. Liðurinn lækkar um 50 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í rekstrarútgjöldum. Í öðru lagi eru 15,6 m.kr. fluttar af liðnum á 515 Heilsugæslustöðin Lág múla. Framvegis mun Heilsugæslustöðin Lág múla greiða fyrir rannsóknir sem stöðin hefur stofnað til. Í þriðja lagi eru 8,4 m.kr. fluttar af liðnum á 517 Læknavaktin. Framvegis fellur kostnaður við laun lækna sem taka næturvaktir hjá Læknavaktinni og ná ekki löggiltum hvíldartíma á Læknavaktina. Í fjórða lagi flytjast 10 m.kr. af liðnum á lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt, sbr. skýringar hér ofan. Þá fellur 8 m.kr. tímabundið framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins niður. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 908,2 m.kr. á næsta ári. Lækkun rekstargjalda jafngildir um 21,9 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af um 59,8 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 15,1 m.kr. vegna ofreiknaðra verðlagshækkana við 3. umr. fjárlagafrumvarps 2009. Í þriðja lagi hækkar liðurinn um 50 m.kr. til að uppfylla ákvæði samnings við Reykjavíkurborg um heimahjúkrun.

Þá eru 3 m.kr. fluttar á liðinn af 206 *Sjúkratryggingar, hjálpartæki* til að mæta kostnaði við sáravarnarbúnað. Aðrar breytingar á fjárheimildum skýrast af launa- og verðlagsliðum og hækkun tryggingagjalds.

515 Heilsugæslustöðin Lág múla í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 159,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 3,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi eru 15,6 m.kr. færðar af lið 506 *Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*, en framvegis mun Heilsugæslustöðin Lág múla greiða fyrir rannsóknir sem stöðin stofnar til. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 10,4 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og lækkun á framlagi vegna fasteignagjalda en umsýsla með fasteignum ráðuneytisins færir til Fasteigna ríkissjóðs.

517 Læknavaktin. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 250,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 40,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á liðinn eru færðar 8,4 m.kr. af 506 *Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*, en framvegis fellur kostnaður við laun lækna sem taka næturvaktir hjá Læknavaktinni og ná ekki löggiltum hvíldartíma á Læknavaktina. Liðurinn lækkar um 19,1 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá lækkar liðurinn um 17,2 m.kr. vegna fækkunar í fjölda koma á Læknavaktina. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og hækkun á álagningaprósentu fasteignagjalda.

522 Heilsugæslustöðin Dalvík. Horfið var frá fyrri áformum um að sameina Heilbrigðisstofnunina Siglufirði og heilsugæslustöðvarnar á Dalvík og Ólafsfirði. Heilsugæslustöðin Dalvík verður rekin áfram með óbreyttu sniði. Fjárveiting heilsugæslustöðvarinnar er færð aftur af viðfangi 756 *Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð* á viðfang Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 102,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi eru 5 m.kr. færðar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða. Lögð er til 2,2 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Þá lækkar liðurinn um 2 m.kr. vegna samkomulags við Fasteignir ríkissjóðs, en í ljósi breytts efnahagsástands var ákveðið að Fasteignir ríkissjóðs veittu tímabundið 35% afslátt af húsaleigu allra heilbrigðisstofnana til að fjármagna síðasta áfanga flutnings fasteigna frá heilbrigðisráðuneytinu til Fasteigna ríkissjóðs. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 469,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 23 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 32,1 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 8,4 m.kr. til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í þriðja lagi eru 1,2 m.kr. fluttar á liðinn af 206 *Sjúkratryggingar, hjálpartæki*, en í samræmi við reglugerð um styrki vegna hjálpartækja nr. 1138/2008 hættir Hjálpartækjamiðstöðin að greiða fyrir einnota efni til húðvarnar og sáraumbúðir og heimahjúkrun heilsugæslustöðva mun framvegis úthluta sáravarnarbúnaðinum til sjúklinga sem þurfa á honum að halda. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í

fjárlögum ársins 2009.

588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 274,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 14 m.kr. hækkun framlags í samræmi við samning um rekstur stöðvarinnar. Í öðru lagi lækkar liðurinn um 17,3 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækku framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 *Heilbrigðisstofnanir* og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana. Nokkrar breytingar verða á liðunum einkum vegna sameininga stofnana. Í fyrsta lagi falla liðirnir 711 *Heilbrigðisstofnunin Akranesi*, 735 *Heilbrigðisstofnunin Hólmavík* og 741 *Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga* niður og sameinast liðnum 716 *Heilbrigðisstofnun Vesturlands*, en það er ný stofnun sem tekur til starfa 1. janúar 2010. Í öðru lagi fellur liðurinn 746 *Heilbrigðisstofnunin Blönduósi* og *Sauðárkróki* niður og færast fjárheimildir hans til baka á viðföngin 745 *Heilbrigðisstofnunin Blönduósi* og 751 *Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki* þar sem fallið var frá áformum um sameiningu stofnananna. Í þriðja lagi færast hluti fjárheimildar 756 *Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð* til baka á liðinn 552 *Heilsugæslustöðin Dalvík*, þar sem fallið var frá sameiningu Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði og heilsugæslustöðvanna í Ólafsfirði og á Dalvík í eina stofnun. Ný stofnun tekur til starfa 1. janúar n.k., en þá sameinast Heilbrigðisstofnunin Siglufirði og Heilsugæslustöðin Ólafsfirði og til verður Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 mkr	Fjárlög 2009 mkr	Frumvarp 2010 mkr	Breyting frá fjárl %	Breyting frá reikn %
Heilbrigðisstofnanir	516,8	426,9	281,1	-34,2	-45,6
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.007,7	1.991,3	2.004,4	0,7	-0,2
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	177,0	190,7	181,9	-4,6	2,8
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.970,1	1.900,4	1.990,0	4,7	1,0
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.724,8	1.681,5	1.668,5	-0,8	-3,3
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	1.021,8	1.040,9	1.008,0	-3,2	-1,4
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	2.390,9	2.792,9	2.750,6	-1,5	15,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	928,7	909,0	914,1	0,6	-1,6
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	396,4	434,1	390,3	-10,1	-1,5
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	456,1	472,9	445,7	-5,8	-2,3
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	260,6	270,9	247,2	-8,7	-5,1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	823,2	885,5	806,4	-8,9	-2,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	709,7	676,7	663,7	-1,9	-6,5
St Jósefsspítali, Sólvangur	1.496,6	1.362,7	1.364,0	0,1	-8,9
Samtals	14.880,4	15.036,4	14.715,9	-2,1	-1,1

frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum er í frumvarpinu gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til málaflokksins um 866,2 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga. Við útfærslu á þeim aðhaldsaðgerðunum sem ráðast þarf í er almennt haft að leiðarljósi að standa vörð um grunnþjónustuna. Þá er skýrari verkaskiptingu heilbrigðisstofnana ætlað að skila fjárhagslegum ávinningi. Auk þess verður haldið áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi, vaktkerfum og aukagreiðslum með það að markmiði að lækka útgjöld Einnig skal ná fram lækkun í lyfjaútgjöldum stofnana með innleiðingu lyfjalista og markvissari notkun lyfja. Þá mun ráðuneytið beita sér fyrir samstarfi heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ná fram hagræðingu í sameiginlegum innkaupum, m.a. á lyfjum og öðrum rekstrarvörum. Að síðustu er gert ráð fyrir að fækka um samtals 35 hjúkrunarrými á heilbrigðisstofnunum. Að baki þeirri tillögu liggur mat á þörf fyrir fjölda rýma eftir svæðum og reynslutölur um nýtingu rýma hjá viðkomandi stofnunum. Einnig er stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi fyrir hjúkrunarrými þannig að aðeins verði greitt fyrir nýtt rými. Að öðru leyti skýrast helstu breytingar á framlögum af eftirfarandi tilefnum. Í fyrsta lagi er 189 m.kr. fjárheimild flutt af 500 *Heilsugæslustöðvar*, almennt til að efla heimahjúkrun á landsbyggðinni, en á fjárlögum þessa árs var framlag til heimahjúkrunar aukið í samræmi við samkomulag við eldri borgara þar um. Í öðru lagi eru 100 m.kr. færðar af liðnum 379 *Sjúkrahús, óskipt* til að mæta ófyrirséðum rekstrarkostnaði í málaflöknum. Í þriðja lagi er framlag hækkað um 29,6 m.kr. til að mæta kostnaði við síðasta áfanga flutnings á umsjón með fasteignum ráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Í ljósi breytts efnahagsástands og til að gera þennan flutning á síðasta áfanga að veruleika var ákveðið að Fasteignir ríkissjóðs veiti tímabundið 35% afslátt af húsaleigugreiðslum allra stofnana. Á hinn bóginn er fellt niður tímabundið framlag til stofnkostnaðarverkefna að fjárhæð 259,6 m.kr. sem nú er lokið.

700 Heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld verði 281,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 146,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Það skýrist einkum af niðurfellingu á tímabundnu 259,6 m.kr. framlagi til stofnkostnaðar. Framlagið var til framkvæmda við heilbrigðisstofnanirnar Suðurlandi, Suðurnesjum og Siglufirði til verkefna sem nú er lokið. Á móti hækkar framlag til stofnkostnaðar um 14,9 m.kr. til endurbóta á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Þá er flutt 100 m.kr. rekstrarframlag af safnliðnum 379 *Sjúkrahús, óskipt*, til að mæta ófyrirséðum kostnaði í málaflöknum. Aðrar breytingar á rekstrarframlagi skýrast af millifærslu framlags til Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum til að fjármagna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tæki og búnaður	0,0	30,0	30,0	0,0	-
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	162,0	57,0	10,0	-82,5	-93,8
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	35,6	35,1	50,0	42,5	40,4
Heilbrigðisstofnun Austurlands	0,5	0,0	0,0	-	-
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	233,2	245,1	90,0	-63,3	-61,4
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	55,5	57,5	0,0	-	-
Samtals	486,8	424,7	180,0	-57,6	-63,0

716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Gert er ráð fyrir að útgjöld nýrrar stofnunar verði

2.750,6 m.kr. á árinu 2010. Í fjárlögum þessa árs voru fjárheimildir liðanna 522 *Heilsugæslustöðin Borgarnesi*, 524 *Heilsugæslustöðin Ólafsvík*, 525 *Heilsugæslustöðin Grundarfirði*, 526 *Heilsugæslustöðin Búðardal* og 715 *St. Franciskusspítali, Stykkishólmi* færðar á þennan lið vegna áforma um sameiningu þessara stofnana. Frá þeirri sameiningu var fallið, en ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í eina stofnun. Á fjárlagaviðfangið eru því fluttar fjárheimildir liðanna 711 *Heilbrigðisstofnunin Akranesi*, 735 *Heilbrigðisstofnunin Hólmavík* og 741 *Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga*, samtals að fjárhæð 1.988,7 m.kr. Að raungildi lækka útgjöld nýrrar stofnunar um 132,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs sem skýrist einkum af 176,4 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um sparnað í rekstri. Framlag til nýrrar stofnunar hækkar í fyrsta lagi um 21,3 m.kr. til að mæta kostnaði við húsaleigu umfram fasteignagjöld. og í þriðja lagi eru 23 m.kr. færðar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Aðrar breytingar til hækkunar á nettó framlagi um 89,8 m.kr. skýrist einkum af launaverðlagsbótum, hækkun tryggingagjalds, flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað og rekstrarleigu röntgenaflesara og lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 247,2 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir 35,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist einkum af 31,5 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Þá lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 4,0 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu.

726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 1.008 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir 67,2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist í fyrsta lagi af 65,5 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 15,6 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Þá eru 14,0 m.kr. færðar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 390,3 m.kr. á árinu 2010. Fjárheimildir stofnunarinnar árið 2009 að fjárhæð 429,3 m.kr. eru fluttar til baka af lið 746 *Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki*, en horfið var frá sameiningu þessara stofnana sem fyrirhuguð var á árinu 2009. Gert er ráð fyrir 55,1 m.kr. raunlækkun fjárheimilda frá fyrra ári sem skýrist í fyrsta lagi af 45,1 m.kr. lækkun í samræmi við áform ríkisstjórnar um sparnað í rekstrargjöldum. Í öðru lagi er framlagið lækkað annað árið í röð um 9 m.kr. til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. Í þriðja lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 9,9 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 806,4 m.kr. árið 2010. Fjárheimildir stofnunarinnar árið 2009 eru fluttar af lið 746 *Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki*, en horfið var frá sameiningu þessara stofnana sem fyrirhuguð var árið 2009. Gert er ráð fyrir 115,3 m.kr. raunlækkun fjárheimilda frá fyrra ári sem skýrist í fyrsta lagi af lækkun framlags um 100,8 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um sparnað í

rekstrargjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 14,3 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld þessarar nýju stofnunar nemi samtals 445,7 m.kr. og jafngildir það um 148,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Horfið var frá því að sameina Heilbrigðisstofnunina Siglufirði og heilsugæslustöðvarnar í Ólafsfirði og á Dalvík eins og til stóð. Þess í stað er ákveðið að sameina 755 Heilbrigðisstofnunina Siglufirði og 551 Heilsugæslustöðina Ólafsfirði í eina stofnun frá 1. janúar 2010. Fjárheimildir Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík að fjárhæð 100,4 m.kr. eru því færðar til baka á sinn fyrri fjárlagalið. Lækkun framlags vegna aðhaldsáforma nemur um 39,6 m.kr., þ.a. eru 25 m.kr. sem er lækkun annað árið í röð til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 8,2 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 914,1 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 23,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist í fyrsta lagi af 25,3 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 14,9 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Þá er lagt til að flytja 17 m.kr. framlag til stofnunarinnar til að efla heimahjúkrun við aldraða. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 2.004,4 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 56,3 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist í fyrsta lagi af lækkun framlags um 79,5 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 16,8 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Í þriðja lagi er lögð til lækkun framlags um 2,2 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009. Í fjórða lagi er gerð tillaga um að flytja 42 m.kr. af lið 500 Heilsugæslustöðvar, *almenn* til stofnunarinnar til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af flutningi framlags innan ramma til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað og endurráðstöfun framlags vegna stöðu læknis.

779 Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 181,9 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir lækkun framlags um 15,8 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist í fyrsta lagi af lækkun framlags um 12,8 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um lækkun ríkisútgjalda. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 2,9 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 663,7 m.kr. á næsta ári, en það er lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs um 32,2 m.kr., sem

skýrist í fyrsta lagi af 28,4 m.kr. lækkun framlags í samræmi við áform um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 5,8 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Þá eru færðar 2,2 m.kr. af safnlið ráðuneytisins 700 *Heilbrigðisstofnanir, almennur rekstur* til að mæta kostnaði við rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar sem heimiluð voru kaup á árið 2008. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.990 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 31,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkun framlagsins skýrist í fyrsta lagi af leigugjöldum, en umsjón með fasteignum stofnunarinnar er nú flutt til Fasteigna ríkissjóðs. Í öðru lagi eru 50 m.kr. færðar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Á hinn bóginn lækkar framlagið um 77,6 m.kr. í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsliði og hækkun tryggingagjalds skýrast af lækkun framlags vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009 og flutningi framlags innan ramma ráðuneytisins til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.668,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 68,5 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkun framlagsins skýrist í fyrsta lagi af 101,5 lækkun í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækka leigugjöld til Fasteigna ríkissjóðs um 9,3 m.kr. vegna tímabundins afsláttar af húsaleigu. Í þriðja lagi lækkar framlagið um 1,4 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009. Í fjórða lagi eru 43 m.kr. færðar af lið 500 *Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun við aldraða á svæðinu. Aðrar breytingar umfram launa- og verðlagsbætur og hækkun tryggingagjalds skýrast af flutningi framlags innan ramma til að mæta kostnaði við sáravarnabúnað.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 1.364 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 53,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 82,2 m.kr. lækkun framlags í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi lækkar framlagið um 5,0 m.kr. vegna hærri komugjalda sem ákveðin voru í fjárlögum ársins 2009. Í þriðja lagi hækkar framlagið um 33,4 m.kr. vegna leigugjalda að frádregnum fasteignagjöldum, en umsjón með fasteignum stofnunarinnar er nú flutt til Fasteigna ríkissjóðs. Aðrar breytingar á framlagi skýrast af launa- og verðlagsbótum og hækkun tryggingagjalds.

Eftirlits- og stjórnarsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinaustöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Geislavarnir ríkisins	82,2	93,9	78,5	-16,4	-4,5

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	225,7	139,0	128,7	-7,4	-43,0
Landlæknir	351,7	317,9	344,9	8,5	-1,9
Lyfjastofnun	331,5	178,2	159,8	-10,3	-51,8
Lýðheilsustöð	312,3	325,5	348,0	6,9	11,4
Sjónstöð Íslands	227,5	0,0	0,0	-	-
Samtals	1.530,9	1.054,5	1.059,9	0,5	-30,8

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans verður 1.059,9 m.kr. á næsta ári og lækkar um 19,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr útgjöldum til eftirlits- og stjórnsýslustofnana um 97,1 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Unnið er að endurskipulagningu á verkefnum eftirlits- og stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins, með það að markmiði að efla og einfalda stjórnsýsluna og ná fram hagræðingu.

301 Landlæknir. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 16,9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkunar. Skýrist það af þremur tilefnum. Fyrst er að telja 31,6 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í annan stað eru 48,5 m.kr. fluttar á liðinn af *401 Öldrunarstofnanir, almennt*, en rekstur vistunarmatsnefnda og hýsing RAI matskerfa fyrir vistunarmat verður framvegis hjá landlækni.

305 Lýðheilsustöð. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld nemi um 348 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að framlög í Forvarnasjóð hækki um 21,4 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um hækkun tekna af áfengisgjaldi. Í öðru lagi hækkar liðurinn um 20 m.kr. í samræmi við áætlun um lögbundið framlag af tóbaksvarnargjaldi. Á móti kemur 24,5 m.kr. lækkun til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld nemi 128,7 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 13,8 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

327 Geislavarnir ríkisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 78,5 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 17,4 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 9,4 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í annan stað fellur niður 8 m.kr. tímabundin fjárveiting til kaupa á tækjum og öðrum búnaði.

397 Lyfjastofnun. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 159,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 21,8 m.kr. lækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist í fyrsta lagi af 17,8 m.kr. lækkun framlags til að mæta áformum ríkisstjórnar um samdrátt í ríkisútgjöldum. Í öðru lagi fellur niður tímabundin fjárveiting til íslenska upplýsingasamfélagsins frá 2009.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokk: 340 Málefni fatlaðra og 399

Heilbrigðismál ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2008 m.kr.	Fjárlög 2009 m.kr.	Frumvarp 2010 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	1.098,3	1.249,8	1.241,0	-0,7	13,0
Málefni fatlaðra	305,8	315,3	317,2	0,6	3,7
Samtals	1.404,1	1.565,1	1.558,2	-0,4	11,0

Heildarfjárveiting til málefnaflokkans lækkar um 47,0 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar og hækkun tryggingagjalds. Helstu breytingar í frumvarpinu eru að gert er ráð fyrir að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 102,1 m.kr. á verðlagi gildandi fjárlaga í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum.

340 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 317,2 m.kr. og dragist saman um 7,8 m.kr. að raungildi á milli ára. Í fyrsta lagi er lögð til 20,3 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna samninga og styrkja til félagasamtaka sem undir liðinn heyra, í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Í öðru lagi eru 10 m.kr. færðar á liðinn af 379 Sjúkrahús, óskipt til að gera samning við Endurhæfingu í Kópavogi um sérhæfða sjúkrahjálfun og ráðgjöf fyrir við fjölfatlaða einstaklinga. Aðrar breytingar á fjárheimildum málaflokksins skýrast af hækkun fasteignagjalda, verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 1.241 m.kr. á næsta ári og lækki um 39,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lögð er til 81,8 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna samninga og styrkja til félagasamtaka sem undir fjárlagaliðinn heyra, í samræmi við áform ríkisstjórnar um samdrátt í útgjöldum. Þá er í öðru lagi lögð til 47,6 m.kr. tímabundin hækkun í eitt ár til viðbúnaðar gegn farsóttum til að kaupa bóluafni gegn svínaflensuveirunni. Í þriðja lagi er 46,7 m.kr. framlag flutt af lið 401 Hjúkrunarheimili, almennt til reksturs og umsýslu RAI-kerfa í kjölfar breytinga sem gerðar hafa verið á verkskiptingu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um öldrunarmál. Í fjórða lagi eru 35,3 m.kr. fluttar á lið 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa til eftirlits með styrkjum og skuldbindandi samningum á vegum ráðuneytisins. Í fimmta lagi eru 13,4 m.kr. fluttar á lið 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa, en laun sérfræðinga sem starfa hjá ráðuneytinu við uppbyggingu á sjúkraskrárkerfi og heilbrigðisupplýsingum hafa verið greidd af lið upplýsingatæknimála. Að síðustu er veitt 2 m.kr. tímabundin fjárveiting í eitt ár til Íslenska upplýsingasamfélagsins til verkefnis um upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni. Markmið verkefnisins er að gera afsláttarkerfið rafrænt þannig að sá sem þiggur þjónustu heilbrigðiskerfisins njóti strax þess afsláttar sem hann á rétt á og þurfi ekki af safna kvittunum eða sækja um það sem hann á rétt á samkvæmt lögum. Þá fellur niður tímabundin 5 m.kr. fjárveiting til sama verkefnis á árinu 2009. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsbreytingum og hækkun tryggingagjalds.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Frumvarp 2010
Sundurliðun á óskipt viðfangsefni 08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytisins		

Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2,5	2,4
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Eftirlits með styrkjum og samningum á vegum HBR.	35,3	0,0
Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni.	33,0	26,7
Missoc þáttökugjalds	2,0	2,2
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,0	2,2
Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda.	2,0	2,6
Óskipt	2,4	2,4
Samtals	81,2	40,5

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptri fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnlið er að finna í kafla 3.7 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tæki og búnaður.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.